

Ég rita þessa umsögn sem útgefandi og rithöfundur barnabóka.

Á sama tíma og ég fagna viðleitni að styðja við barnabókaútgáfu, barnabóka höfunda og íslenska tungu, er nauðsynlegt að benda á galla í kerfinu.

Þrátt fyrir að Óðinsauga sé sá útgefandi sem gefur út flestar barnabækur á Íslandi fær það nánast enga styrki. Fyrirtækið gefur út hátt í 40 fjölbreyttar barnabækur á hverju ári. Höfundar hjá útgáfunni fá ekki listamannalaun.

Núverandi kerfi er miðstýrt af ákveðnum hagsmunahópum sem koma í veg fyrir nýliðun, með því að úthluta aðilum þeim þóknanlegum styrkjum.

Fjöldi barnabókahöfunda hefur hætt að skrifa vegna þess að þeir fá engar fyrirgreiðslur og eru í samkeppni við barnabókahöfunda sem eru á listamannalaunum ár eftir ár.

Fjöldi barnabóka hefur ekki orðið að veruleika því ekki fæst styrkur til verkefnisins. Það er beinlínis vitað fyrir fram vegna mikillar skekkju í úthlutunum. Til að mynda núna síðast, fékk einn samkeppnisaðili minn úthlutað styrkjum til meirihluta barnabóka sem þeir gefa út í ár, á meðan við sem stærsti útgefandi barnabóka fengum enga styrki úr sama sjóði. Þetta er ólíðandi skekkja og sömu aðilar fá úr sjóðum Miðstöðsvar íslenskra bókmennta ár eftir ár, aðrir ekkert.

Við höfum þurft að draga verulega úr útgáfu barnabóka eftir íslenska höfunda vegna þessa ástands, þeirrar mismununar sem Miðstöð íslenskra bókmennta stendur fyrir. Þeir hygla ákveðnum útgefendum og höfundum. Núverandi fyrirkomulag vinnur því gegn bæði nýliðun og útgáfu íslenskra barnabóka.

Á sama tíma get ég bent á að ég hef aldrei sjálfur fengið listamannalaun. Þó hef ég unnið ötullega að skrifa á barnabókum í næstum 20 ár. Bækur mínar eru víða notaðar við kennslu og eru bækurnar mikið lánaðar út á bókasöfnum. En engu að síður þarf ég að keppa við ríkisstyrkta listamenn sem hafa jafnvel verið á listamannalaunum allan þann tíma sem ég hef skrifað. Þetta kerfi er misheppnað, samkeppnishamlandi og dregur úr nýliðun. Þó ég hafi nú skrifað bækur í áratugi, eru dæmi um að nýir höfundar á „réttu“ bókaútgáfunum fái úthlutun strax eftir fyrstu bók.

Þegar fyrrverandi starfsmenn Miðstöðvar íslenskra bókmennta fóru og stofnuðu bókaútgáfu fengu viðkomandi aðilar strax styrki á fyrsta ári. Hafa þeir fengið reglulega styrki síðan.

Því fer fjarri lagi að þær bækur sem fá úthlutun séu eitthvað merkilegri en þær sem fá höfnun. Þær bækur sem fá úthlutun eru heldur ekki meira lesnar af börnum og leggja þannig ekkert meira til menningar. Þetta kerfi er ranglátt og þarf að endurskoða. Annars stendur það beinlínis í vegi fyrir að fullt af höfundum og bókum fái brautargengi.

Ég veit um miðlungsstóran útgefanda barnabóka sem er hættur að senda inn umsóknir um styrki því slíkt er árangurslaust, enda sitja sömu gæðingar að styrkjum ár eftir ár. Sami útgefandi er að tala um að hætta. Hætta bókaútgáfu, en hann hefur komið inn með mjög vinsælt efni sem hvetur ákveðna hópa til að lesa. Þetta er árangurinn af núverandi kerfi, það drepur niður samkeppni til að þóknast fáeinum. Þetta er auðvitað ekki góð ráðstöfun opinberra fjármuna að svo einsleitur hópur sitji að styrkjunum og torveldi þannig samkeppnisaðilum!

Fjöl margar bækur eftir mig hafa verið gefnar út erlendis. Miðstöð íslenskra bókmennta sinnir ötulu starfi í að kynna höfunda og verk þeirra erlendis. Vísar miðstöðin í hóp einhverra ráðgjafa, um hverja skuli kynna. En miðstöðin velur höfunda sem hafa engar bækur fengið útgefnar erlendis, en hunsar á sama tíma höfunda sem hafa náð góðum árangri. Enn eitt dæmið um hvernig geðþótti ræður för.

Hér er nauðsyn að leikar verði jafnaðir og komið í veg fyrir að klíkuskapur ráði því hverjir fái opinberan stuðning. Réttast væri að ákveðinn pottur sé til staðar, og höfundar sem vilja sækja erlenda viðburði og vinna með miðstöðinni, fái allir jafnan hlut, en greiði mismuninn.

Það sem best virkar eru greiðslur í samræmi við vinnu og árangur. Má þar nefna bókasafnssjóð sem er réttlátastur, greiðir eftir notkun. Styrkir vegna bókaútgáfu eru einnig ágætir, þó ég hafi áður bent á leiðir til að betrumbæta. T.d. hafa hámark á endurgreiðslu vegna markaðskostnaðar o.s.frv. enda óþarft að setja stórar fjárhæðir í metsölubækur.

Verri eru kerfi sem byggja á huglægu mati, eins og úthlutanir Hagþenkis, sem eiga að byggja á notkun en eru mat nefndarmanna. Þrátt fyrir að verk mín hafi aukist jafnt og þétt í notkun, hafa greiðslur til mín hríðfallið, vegna geðþótta nefndarinnar. Þetta er ekki í samræmi við aukna notkun og undirstrikar hve mikilvægt er að kerfinu séu sanngjörn en ekki stýrt af hagsmunahópum.

Legg ég til að breytingar verði gerðar á úthlutunum, og úthlutanir færðar frá Miðstöð íslenskra bókmennta yfir í Rannís. Eðlilegra væri að skipta pottinum jafnt til allra þeirra barnabóka sem rótgrónir útgefendur ætla að gefa út, standist þær ákveðnar formkröfur. Þannig verði þessi skakka samkeppnisstaða út frá ríkisstyrkjum leiðrétt.

Legg ég til að ákveðin upphæð komi til greiðslu til hvernar barnabókar sem er gefin út af útgáfufyrirtæki. Þetta raunverulega ýta undir nýliðun og meiri sköpun. Þá verði hægt að gefa út nýja höfunda og veita fleiri brautargengi.

Þó fjármagn sé aukið, mun það litlu skila, ef kerfið verður óbreytt.